

Ályktun samstarfsnefndar um málefni aldraðra, samþykkt þann 28. apríl 2016, um skýrslu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra starfar á grundvelli 4. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum. Nefndin skal samkvæmt 5. gr. laganna vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra og vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra hefur fjallað um „Skýrslu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar“ sem gefin var út í febrúar 2016. Á undanförnum áratug hefur endurskoðun lífeyriskerfisins stöðugt verið á dagskrá og ýmsar nefndir fjallað um málið án þess að niðurstaða hafi náðst þrátt fyrir að þróun samfélagsins hafi verið hröð og kalli á umbætur á þessu sviði.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra telur að tillögur nefndarinnar feli í sér margvísleg og mikilvæg framfararskref og vega þessi atriði þyngst:

- Lífeyriskerfi almannatrygginga er einfaldað til muna með því að sameina grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbót í einn ellilífeyri.
- Bundinn er endir á að skerðingar geti verið 100%, sem nefnt hefur verið króna á móti krónu. Þess í stað er lagt til að skerðingar verði aldrei meiri en 45% hvort sem um er að ræða lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur eða fjármagnstekjur og að einstaklingurinn haldi alltaf eftir 55% af tekjum sínum.
- Valkostum aldraðra er fjölgað og sveigjanleiki aukinn. Annars vegar að einstaklingar geta hafið lífeyristöku frá 65 ára aldri eða frestað lífeyristöku til áttæðs. Hins vegar að einstaklingur geti verið í hlutastarfi og tekið hlutalífeyri. Báðar þessar breytingar gefa fólki nýja möguleika til að skipuleggja líf sitt.
- Tillögurnar miða að því að samræma réttindakerfi almennra lífeyrirssjóða og almannatrygginga en það er mikilvægt til að hver einstaklingur geti með einföldum hætti notið réttinda sinna í báðum kerfum.
- Lífeyrisaldur verði hækkaður í skrefum frá 67 ára aldri til 70 ára aldurs á 24 árum en slík breyting er í takti við aukinn lífaldur og betra heilsufar landsmanna. Einstakir hópar kunna þó á sértækum úrræðum að halda til dæmis vegna slits eða erfiðisvinnu.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra telur afar mikilvægt að löggjöf, byggð á tillögum sem fram koma í skýrslunni, gangi í gildi 1. janúar 2017 og skorar á Alþingi og stjórnvöld að svo megi verða.